

## **Berist til stjórnar Velferðarnefndar Alþingis.**

Á fundi bæjarráðs Hveragerðisbæjar þann 7. febrúar var tekið til afgreiðslu erindi frá Velferðarnefnd Alþingis þar sem óskað var eftir umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórna (kosningaaldur), mál nr. 356.

Eftirfarandi er afgreiðsla bæjarráðs:

*Bæjarráð er fylgjandi því að ungt fólk fái aukið hlutverk og að á það sé hlustað þegar kemur að mótun samfélagsins. Slíkt er hægt að gera með ýmsum hætti svo sem með öflugum ungmennaráðum.*

*Fyrir nokkru var gerð sú breyting að lögræðisaldur var hækkaður í 18 ár einmitt til aðkoma til móts við það sjónarmið að börn fengju að vera börn til 18 ára aldurs og þau væru þannig eins og nokkur er kostur undanþegin áreiti og ógnum samfélagsins. Var þetta talið mikilvægt skref og jákvætt enda flestir sammála því að þessi breyting hafi verið til bóta.*

*Það er ávallt mikilvægt að skoða með hvaða hætti megi bæta samfélagið og þar væri stórt skref stigið ef að réttindi yrðu öll samræmd ákveðnum aldri til dæmis við 18 ár.*

*Bæjarráð telur ekki rétt að aðskilja kosningarétt og kjörgengi og telur því að kosningaréttur og kjörgengi eigi að fylgja sjálfræðisaldri og kosningaaldur verði því áfram 18 ár við sveitarstjórnarkosningar eins og verið hefur.*

Þessi afgreiðsla bæjarráðs tilkynnist hér með.

Bestu kveðjur  
Aldís